


✉ Re: Beiðni um umsögn vegna deiliskipulaga - Snæfellsbær

Búið til	5.7.2021 15:31:42
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	5.7.2021 15:31:40
Tilheyrir	 202105-0045 - Breyting á deiliskipulagi í Ólafsvík og nýs deiliskipulags í landi Miðhúsa, Snæfellsbæ

Efni

Re: Beiðni um umsögn vegna deiliskipulaga - Snæfellsbær

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	5.7.2021 15:31:40	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	valgerdur@snb.is

Innihald

Góðan daginn,

Tilvísun í mál nr. 202105-0045 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulags- og byggingarfulltrúa Snæfellsbæjar dags. 28. maí síðastliðinn, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna breytingar á deiliskipulagi í Ólafsvík og nýs deiliskipulags í landi Miðhúsa, Snæfellsbæ.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir meðfylgjandi gögn og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Náttúrufræðistofnun hefur engar athugasemdir við breytingar á áformum um uppbyggingu í Brekkunni í Ólafsvík. Um er að ræða svæði inni í þéttbýli þar sem gróðurfar er að hluta til raskað og með lítið verndargildi, aðallega lúpínubreiður.

Varðandi stækkun á frístundabyggð í landi Miðhúsa vill Náttúrufræðistofnun benda á að hraunið þar sem uppbyggingin er áformuð tilheyrir Búðahrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 en um forsögulegt hraun er að ræða. Í hrauninu eru fjölbreyttur gróður og fágætar tegundir hafa fundist víða í Búðahrauni þó engar tegundir á valista séu innan eða við framkvæmdasvæðið.

Þá er svæðið á gildandi náttúruminjaskrá:

223. Utanvert Snæfellsnes, Snæfellsbæ (áður Breiðuvíkurrh.), Snæfellsnessýslu. (1) Snæfellsnes vestan Fróðárheiðar utan ræktaðs lands og þéttbýlis. Á sunnanverðu nesinu markast svæðið til austurs af Búðaósi, vegi nr. 54 frá Búðum upp á Fróðárheiði. Á norðanverðu nesinu markast svæðið til austurs af vegi yfir Fróðárheiði og austurbakka Bugsvatna. (2) Fjölbreytilegt landslag, frá fjörum til efstu tinda Snæfellsjökuls. Eldstöðvar og hraun frá nútíma. Fjölsótt útivistarsvæði.

Verið er að þetta núverandi frístundabyggð – tvær nýjar lóðir bætast við og leikvöllur. Lóðir og byggingarreitir eru stórir og leyfilegt er að byggja allt að 140 m² aðalhæð og hugsanleg aukahús. Reisa má ný hús, stækka þau sem fyrir eru og nýir aðkomuvegir gerðir. Þá hefur vatnsveita verið lögð að frístundabyggðinni frá Hraunlæk í norðri og liggur hún beint yfir hraunið.

Jákvætt er að í skilmálum segir að óþarfa rask á hrauni sé ekki heimilt og að ekki megi planta framandi/útlendum plöntum á svæðinu. Engu að síður er að mati Náttúrufræðistofnunar hætta fyrir hendi á að hraun verði fyrir raski þegar leyfi er veitt fyrir uppbyggingu af þessu umfangi. Mjög mikilvægt er að byggingaskilmálar og eftirlit tryggi að komið verði í veg fyrir frekara rask á hrauninu.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðahóltsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Valgerður Hlín Kristmannsdóttir" <valgerdur@snb.is>

To: "Trausti Baldursson - NI" <Trausti.Baldursson@ni.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC:

Subject: Beiðni um umsögn vegna deiliskipulaga - Snæfellsbær

Date: 28.5.2021 10:58:34

Góðan daginn

Á meðfylgjandi hlekk er ósk Snæfellsbæjar um umsögn vegna breytingar á deiliskipulagi í Ólafsvík og nýs deiliskipulags í landi Miðhúsa, Snæfellsbæ: <https://we.tl/t-4cDlhMbLrw> (<https://we.tl/t-4cDlhMbLrw>)

Með kveðju,

Valgerður Hlín Kristmannsdóttir

Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa

Klettsbúð 4, 360 Snæfellsbær

Sími: 433-6900, fax: 433-6901

www.taeknadeild-snb.is (<http://www.taeknadeild-snb.is/>)



Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst.

Þessi tölvupóstur og viðhengi hans getur innihaldið trúnaðarupplýsingar eingöngu ætlaðar þeim sem hann er stílaður á.

Ef póstur þessi berst fyrir mistök þá vinsamlegast gerið sendanda viðvart og eyðið póstsendingunni.

Viðhengi

image001.png (89 KB)
image002.jpg (1 MB)
image003.png (5 KB)